



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs.

Kópavogi, 2. desember 2021
21111413/100.06 BR

Efni: Útboð á götusópun og hreinsun 2022 - 2025.

Óskað er heimildar bæjarráðs til að auglýsa útboð á götusópun og hreinsun (vorhreinsun) í Kópavogi til þriggja ára. Gildandi samningur rennur út í mars 2022. Nýr samningur tekur gildi í mars 2022 og lýkur í mars 2025 með möguleika á framlengingu á samning um tvö ár, eitt ár í senn.

Um er að ræða tvö útboð fyrir götu- og gangstíga sópun í Kópavogi, útboð I er vestan Reykjanesbrautar og útboð II er austan Reykjanesbrautar. Með því að skipta Kópavog í tvö útboðssvæði er verið að gera fleiri verktökum kleift að bjóða í sópun gatna og gangstíga í Kópavogi. – Á þetta við um nýtt útboð.

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir 65 milljónum við sópun gatna og gangstíga fyrir árið 2022. Gert er ráð fyrir að kostnaðaráætlun fyrir bæði útboð I og útboð II rúmist innan fjárhagsáætlunar fyrir hvert ár á samningstíma með eðlilegum verðbótum.

Um er að ræða þjónustusamning og eru útboðsgögnin að mestu lokið. Stefnt er að því að auglýsa útboðið sem fyrst á EES svæðinu, lögum samkvæmt.

Meðfylgjandi eru útboðsgögn vegna „Útboð á götusópun og hreinsun“ og ítarupplýsingar um útboðsgögnin

Virðingarfyllt,

Birkir Rútsson

Birkir Rútsson
Deildarstjóri gatnadeildar